



ÆSKULÝÐSSTARF SÖRLA 2005-2006



EFNISYFIRLIT:

Æskulýðsnefnd Sörla 2005-2006	bls.4
Kynningarfundur ; Dagskrá vetrarins kynnt	bls.5
Jólaball, Flugeldasala, Álfareið 06.jan.2006, Formenn Æskulýðsnefnda	bls.6
Námskeið	bls.7
Námskeið fyrir yngri hópa	
Námskeið fyrir eldri hópa	
Knapamerki	
Námskeið 07.jan.2006 reiðtygjahreinsun	
Fjölskyldureiðtúr 28.jan.2006	
Skautuferð 12.feb.2006.....	bls.9
Árshátíð unglinga	bls.10
Æskan og hesturinn 11-12.mars.2006.....	bls.11
Fræðslu og skemmtiferð unglinga á Hóla í Hjaltadal	
’92 árgangur og eldri 18-19. mars 2006	
Árshátíð barna 9-12 ára 24. mars 2006	bls.12
Ferð á Hvanneyri 1.apríl 06 ’93 árgangur og yngri	
Fjölskyldureiðtúr 23.apríl 06	
Fjölskyldureiðtúr 14.maí 06	
Félgasbúningar	bls.13
Grímutölt 18.feb.2006	bls.14
LM2006	bls.16
Félagssvæði Sörla í Hafnarfirði það álitlegasta	bls.18

Æskulýðsnefnd Sörla 2005-2006

Samstilltur hópur hefur verið að störfum hjá Æskulýðsnefnd Sörla.

Margar hendur vinna létt verk. Ekki hefur staðið á yngri eða eldri félagsmönnum að leggja hönd á plóg til að gera æskulýðsstarfið í félaginu sem fjölbreyttast. Reynt var að skipta verkum á nefndarmenn, foreldrafulltrúa og aðra félagsmenn.

Dagskrá vetrarins var fjölbreytt að venju og reynt er að fitja upp á nýjum dagskrárliðum en eldri dagskrárliðir sem vel hafa tekist mynda uppistöðuna í dagskrá vetrarins.

Ýmsir aðilar hafa stutt æskulýðsstarfið okkar vel fjárhagslega, hvort sem það hefur verið gert með beinum eða óbeinum hætti. Þeir helstu eru Hafnarfjarðarbær & ALCAN.

Ein aðal fjáröflunarleið Æskulýðsnefndar Sörla hefur verið flugeldasala í samstarfi við Björgunarfélag Hafnarfjarðar. Félagsmenn hafa tekið okkur mjög vel.

Æskuðlýðsnefndin tók að sér að kynna félagsmönnum tryggingar VIS, þ.e.a.s. tryggingar á reiðhestum, keppnishestum og ræktunarhestum. Þetta tókst mjög vel og var góð fjáröflunarleið fyrir nefndina. Einnig hefur nefndin haft tekjur af veitingasölu á uppákomum félagsins.

Því miður hefur bloggsíða æskunnar okkar lagst niður, þar sem ekki hefur neinn fundist til að halda henni opinni. Þetta er miður þar sem mikill áhugi var fyrir þessari síðu meðan Elma Cates sá um hana. Þarna er vettvangur til að bæta okkur.

Eftirtaldi störfuðu í Æskulýðsnefnd Sörla 2005-2006 ;

Formaður ;	Sólveig Óladóttir
Varaform ;	Gísli Ölver Sigurðsson
Gjaldkeri ;	Guðrún Guðmundsdóttir
Ritari ;	Sonja Guðrún Óskarsdóttir
	Berglind Finnbogadóttir
	Hanna Rún Ingibergsdóttir
	Ásta Björnsdóttir
	Hafdis Sigurðardóttir

Foreldraráð Sörla 2005-2006

Formaður ;	Valdimar Jónsson
	Sveinn Rúnarsson
	Halldóra Hinriksdóttir
	Helgi Jón Harðarson
	Líney Jónsdóttir
	Elma Cates

Dagskrá vetrarins kynnt á kynningarfundi 24.11.2005

Dagskrá vetrarins:

Jólaball	11 des.2005	Sörlastaðir
Flugeldasala hefst	27.des.2005	
Námsk.; Reiðtygjaþríf	7.jan.2006	Sörlastaðir
Fjölskyldureiðtúr	28.jan.2006	Sörlastaðir
Skautuferð	12.feb.2006	
Árshátíð ungl.	Dagsett síðar	
Árshátíð barna	Dagsett síðar	Hörður
Æskan og Hesturinn	11.mar.2006	Reiðhöllin Víðidal
Ferð 91+ eldri	25,-26.mar.2006	Hólar
Ferð 92- yngri	01.apr.2006	Hvanneyri
Fjölskyldureiðtúr	23.apr.06	Sörlastaðir
Æskulýðsdagur Sörla	Dagsett síðar.	Sörlastaðir
Fjölskyldureiðtúr	13.maí.2006	Sörlastaðir

Margt fleira verður á döfinni sem ekki er hægt að dagsetja að svo stöddu og verður það auglýst vel þegar þar að kemur.

**MUNIÐ AÐ AUGLÝSINGAR ÆSKULÝÐSNEFNDAR ERU “GULU
AUGLÝSINGARNAR”.**

Jólaball : 11.des.2005

Jólaball er búið að vera á dagskrá Æskulýðsnefndar í ca.14 ár. Mismunandi hefur verið hversu vel hefur verið mætt, en undanfarin tvö ár hefur verið mjög góð mæting. Í ár mætti um það bil 60 manns. Þrír jólasveinar mættu á staðinn með fulla poka af glaðningi fyrir gesti. Dansað var í kringum jólatré og jólasöngvar sungnir. Eftirfarandi aðilar styrktu okkur með gjöfum, Sælgætisgerðin Góa, Skógræktarfélag Hafnarfjarðar og Fjarðarkaup.

Flugeldasala

Flugeldasalan okkar hófst 27.des.2005. Gengið var á milli húsa á hesthúsasvæðinu og miðar seldir fyrir flugeldum. Þetta er samstarf Björgunarsveitar Hafnarfjarðar og Æskulýðsnefndar Sörli og hefur gefist mjög vel. Margir komu að þessu verkefni og tóku félagsmenn okkur vel að venju.

Þetta er ein helsta tekjuöflun æskulýðsnefndar, og þökkum við veittan stuðning félagsmanna.

Álfareið: 06.jan.2006

Vegna veðurs féll Álfareiðin niður en æskulýðsnefndin hefur séð um að fá félagsmenn til að sjá um Álfareiðina sem hefur farið í fylkingarbrjósti fyrir skruðgöngunni að álfabrennu á Ásvöllum í Hafnarfirði mörg s.l.ár. Þessi uppákoma er samstarf Hauka, Hafnarfjarðarbæjar og Æskulýðsnefndar Sörli.

Formenn Æskulýðsnefnda

Í janúar hittust formenn æskulýðsnefndanna á höfuðborgarsvæðinu. Farið var yfir störf nefndanna á komandi starfsári, einnig var knapamerkjakerfið rætt, kostir þess og gallar.

Formenn æskulýðsnefndanna eru :

Helga Olgeirsdóttir	Fákur
Sólveig Óladóttir	Sörli
Guðrún Ólöf Jónsdóttir	Hörður
Sigríður Magnea Björgvinsdóttir	Andvari

Námskeið ;

Námskeið vetrarins voru kynnt á kynningarfundinum 24.11.2005.

Þá voru krakkarnir beðnir um að skrá sig á það námskeið sem þau hefðu hug á. Á fundinum kom fram að knapamerkjakerfið hefur verið metið til eininga í grunnskólum og menntaskólum. Merkjakerfið þarf að fullvinna sem allra fyrst.

Athugasemdir frá reiðkennurum komu fram; að börnunum væri úthlutað sæmilega góðum reiðtygjum og að hestar væru spennulausir og hreingengir, þannig að námskeiðið myndi nýtast þeim sem allra best. Einnig fóru reiðkennararnir í gegnum öryggisatriði, báðu um að börn væru ekki í strigaskóm og fyllsta öryggis væri gætt.

Þá kom fram að reiðskemman fer fram á hjálmanotkun í skemmunni.

Síðustu vikuna í janúar var hringt út til að boða alla á fund v/námskeiða.

Krökkunum var raðað niður í hópa, eftir aldri og kunnáttu.

Bóklegt námskeið væri í lok janúar.

Reiðnámskeið í byrjun febrúar 2006.

Hafnarfjarðarbær hefur staðið sig frábærlega vel, en þeir greiða niður námskeið barna 10 ára og yngri.

Námskeið fyrir yngri hópa	kennari var Elísabeth Jonsen	reiðkennari
Námskeið fyrir eldri hópa	kennari var Atli Guðmundsson	reiðkennari

Nemendur námskeiðanna tóku Knapamerkjapróf. Aðeins einn nemandi var prófaður í einu inni í reiðhöllinn! Eftirtaldir knapar tókur Knapamerkjapróf. I. – II. – og III. stig

Stig 3 - mánudag 3. apríl : 22 nemendur

Ólafur Ásgeirsson
Hildur Sveinbjarnardóttir
Harpa Rún Ásmundsdóttir
Vilhjálmur S. Þorvaldsson
Arna Hrund Jónsdóttir
Erla Björk Jónsdóttir
Ástríður Magnúsdóttir
Sigríður María Egilsdóttir
Ágúst Flygering
Hanna Rún Ingibergsdóttir
Ásta Björnsdóttir
Skúli Þór Jóhannsson
Guðmundur Hólm
Helga Arnberg
Stella Sólveig Pálmadóttir
Rósa Birna Þorvaldsdóttir
Margrét Freyja Sigurðardóttir
Jón Bjarni Smáráson
Ævar Einarsson

Saga Mellbin
Einar Ásgeirsson
Ásta Kara Sveinsdóttir

Stig 2 - mánudag 3. apríl ; 7 nemendur

María Hjaltadóttir
Eiríkur Þór Halldórsson
Hilda Sól Darradóttir
Rósa Líf Darradóttir
Hildur Ýr Haraldsdóttir
Fanney Mellbin
Ástríður Magnúsdóttir

Stig 1 - miðvikudag 5. apríl ; 7 nemendur

Gunnar Smári Eggertsson
Lára Ósk Eggertsdóttir
Ástríður Magnúsdóttir
Hildur Ýr Haraldsdóttir
Ágústa Rut Haraldsdóttir
María Dís Sígurjónsdóttir
Elín Rut Harðardóttir.

Verklega prófinu er lokið en þessir krakkar munu ljúka bóklega prófinu í desember 2006 vegna þess að námsgögn verða ekki tilbúin fyrr en þá.

Námskeið 07.jan.2006 reiðtygjahreinsun

Við ákváðum að prófa að hafa námskeið þar sem kennt væri að hugsa um og umgangast reiðtygi með það fyrir augum að þau endist okkur sem allra lengst, og slys hljótist ekki af vegna lélegrar umhirðu. Laugardaginn 7 janúar mættum við á Sörlastaði með reiðtygin okkar. Leiðbeinandi var Haukur Eiríksson, söðlasmiður. Þetta tókst vel en þó hefði verið gaman að sjá fleiri. Þeir sem mættu fengu úrvals tilsögn í umönnun reiðtygja sinna.

Fjölskyldureiðtúr 28.jan.2006

Laugardaginn 28. janúar var farinn lítill hringur á svæðinu. Mjög fáir mættu. Tilgangurinn með því að vera með fjölskyldureiðtúr, var að reyna að efla tengsl milli krakkanna.

Skautuferð 12.02.2006

Skautuferð sunnudaginn 12.feb. safnast var saman við Sörlastaði kl. 12.30 þar var raðað í bíla, lagt var af stað frá Sörlastöðum um kl. 13.00

Um 20 manns á öllum aldri mættu og flestir skelltu sér á skauta. Sumir voru þaulvanir og svifu um svellið með tilþrifum en aðrir orðnir ryðgaðir í kúnstinni. En allir skemmtu sér vel. Það var mál manna að þetta ætti að gera oftar.

ÁRSHÁTÍÐ UNGLINGA ANDVARI – FÁKUR – GUSTUR – HÖRÐUR – MÁNI – SÓTI - SÖRLI

Þessi hestamannafélög héldu sameiginlega árshátíð unglunga föstudaginn 24.02.2006. Fagnað var í félagsheimili Fáksmanna og mættu hátt í 80 unglingar. Boðið var upp á góðan mat og síðan dönsuðu krakkarnir líkt og hestamönnum einum er lagið. Aðstandendur árshátíðarinnar vildu fá að þakka honum Magga Diskó sérstaklega fyrir frábæra stemmingu en hann gerði þessa skemmtilegu árshátíð enn betri. 847 tók nokkrar bráðskemmtilegar myndir af þessum hressu unglungum og er hægt að nálgast þær á myndabanka [Krakkavefs og Unglingavefs 847](#).



Æskan og hesturinn 11-12.mars.2006

Undirbúningsvinna fyrir ÆSKAN OG HESTURINN hófst í byrjun febrúar. Guðrún Guðmundsdóttir tók að sér að vera í forsvari fyrir undirbúning þessarar frábæru skemmtunar. Ákveðið var að Elísabet Jonsen reiðkennari myndi sjá um að velja krakka úr eldri hópnum. 10 krakkar voru valdir. Einnig sá hún um að dæma um hverjir gætu riðið einir og hverja þyrfti að teyma. Ragnar Ágústsson tamningamaður vann frábært starf en hann sá um að æfa krakkana og tókst það mjög vel.

Þema sýningar eldri hópsins var Ruslana en yngri hópurinn tók þátt í grímuatriðinu. Æfingarferlið gekk stóráfallalaust þrátt fyrir flensur og aðrar óvæntar uppákomur. Brátt fór sýningin að renna hnökralítið - allt var fínþússað og flott í tíma. Æskulýðsnefndin eyddi ómældum tíma við margslunginn undirbúning m.a. setið löngum stundum við búningasaum. Krakkarnir voru mjög spennt og hlökkðu til að taka þátt í þessari frábæru skemmtun sem sýningin var.



SÖRLAKRAKKAR STÓÐU SIG VEL Á STÓRSÝNINGUNNI ÆSKAN OG HESTURINN.



RUSLÖNUATRÍÐI

Fræðslu og skemmtiferð unglunga á Hóla í Hjaltadal. 92 árgangur og eldri 18-19. mars 2006

Hafnarfjarðarbær veitti okkur styrk í þessa ferð og því var hún frí. Krakkarnir voru 15 og 2 fullorðnir. Solla formaður og Stella foreldri fóru með. Láki hestamaður og bílstjóri ók okkur í 19 manna rútu norður á Hóla í Hjaltadal.

Þegar þangað kom tók Málfríður framkvæmdastjóri ferðaþjónustu Hólaskóla á móti okkur. Staðahaldari tók þá við okkur og fór með okkur að Hólakirkju og fræddi okkur um sögu staðarins. Á laugardagskvöldið ókum við á Sauðárkrók en þar var keppni í gangi. "Riddari Norðursins". Svo skemmtilega vildi til að Eyjó (Eyjólfur Þorsteinsson) og reiðkennarinn okkar hún Elísabeth Jonsen voru að keppa. Þegar við komum aftur á Hóla var haldið til herbergja. En lengi var vakað þessa nótt og erfitt að koma sér í háttinn.

Sunnudagsmorguninn sýndi Víkingur okkur hesthúsin og fræddi okkur um tilraun sem fór fram á fóðrun hestanna. Við fengum að kíkja á námskeið sem var í gangi hjá Eyjólfí Ísólf. Á heimleiðinni komum við í sveitinni hjá Birni formanni og Guðrúnu. Þau tóku á móti okkur með nýbakaðri skúffuköku. Þau sýndu okkur svo staðinn.

Við komum þreytt og ánægð í bæinn á sunnudagskvöldið eftir vel heppnaða för.



Árshátíð barna 9-12 ára 24. mars 2006

Sameiginleg árshátíð Hestamannafélaganna Hörður - Fákur - Andvari - Gustur - Sörli - Sóti og Máni var haldin í Félagsheimilinu Harðarbóli. Að venju tókst Harðarmönnum vel upp. Sörlakrakkarnir hefðu mátt mæta betur. En þeir sem mættu skemmtu sér konunglega. Með þessum sameiginlegu skemmtunum hafa skapast ný vináttutengsl á milli krakkanna í félögunum og viljum við þakka Harðar fólki fyrir sitt góða framlag.

Ferð á Hvanneyri 1.apríl 93 árgangur og yngri

Fræðslu- og skemmtiferð á Hvanneyri var farin 1. apríl með krakka fædd 1993 og yngri. Það var frítt í þessa ferð. Við fengum styrk frá stjórn Sörla og Hafnarfjarðarbæ. Ferðin tókst í alla staði ákaflega vel, en gaman hefði verið að sjá fleiri börn því aðeins 15 krakkar tóku þátt. Leiðin lá til Hvanneyrar þar sem Guðmundur umsjónarmaður með "sveitafitness" tók á móti okkur. Við byrjuðum á að skoða kirkjuna og svo Ullarsetrið þar sem einhver keypti tösku og annar vettlinga. Þá rannsökuðum við traktora frá ýmsum tímum og fannst krökkunum það mjög gaman. "Sveitafitness" sló í gegn, margir kepptu en hinir hvöttu keppendurna. Ásta Björns náði besta tímanum og sigraði, en verðlaunin eru þau að hún er velkomin að þvælast með sæðingamanninum milli bæja í einn dag. Við fengum pizzur og gos í hádeginu. Það höfðu margir orð á því hve krakkarnir væru kurteis og stillt. Eftir matinn var farið í fjósið sem er mjög stórt og snyrtilegt. Þá var ekið að Miðhúsum og hesthúsið skoðað. Þar er reiðhöll sem börnin nýttu og fengu útrás fyrir orkuna. Opinn dagur var á bænum Hestum. Enginn hestur var þar en en nóg af kindum og hrútum. Boðið var uppá sælgæti og svala. Þarna hittum við fullt af fólki úr sveitinni. Eins og áður kom fram voru ekki nema 15 börn í þessari fræðslu- og skemmtiferð, en þau voru alveg til fyrirmyndar og félaginu til sóma. Hópbílar styrktu okkur með rútuna og þökkum við stuðning þeirra.

Fjölskyldureiðtúr 23.apríl 06

Fjölskyldureiðtúr 14.maí 06

Fjölskyldureiðtúrnir tókust því miður ekki sem skyldi. Ekki fékst nóg þátttaka. Reynt var að hafa pizzuveislu á eftir reiðtúrnum en það skilaði ekki neinum árangri.

Félgasbúningar :

Félagasjakkar ; Höfðinglegur styrkur barst félaginu frá Fasteignasölunni Hraunhamar í Hafnarfirði, til kaupa á keppnisjökkum fyrir krakkana í félaginu, þannig að Æskulýðs-nefndin á nú **10** keppnisjakka sem ungir knapar Sörla geta nýtt sér.

Sörla-Henson félagsbúningur; Æskulýðsnefndin hefur séð um pantanir á Henson-félagsbúningum fyrir alla félagsmenn sem hafa haft áhuga á að eignast þennan glæsilega búning.

Sörla-Hlífðargallar félagsbúningur ; Mikla athygli vakti nýjasti búningur Sörlafélaga á LM2006, Úlpan er frá Hestagallerí og buxurnar frá Henson, þetta er hlýr fatnaður og þægilegur ásamt því að vera mjög klæðilegur.

Grímutölt 18.feb.2006

Hið árlega Grímutölt hestamannafélagsins Sörla í Hafnarfirði var haldið laugardagskvöldið 18. febrúar. Grímutöltið hefur verið haldið í febrúar á hverju ári í 12 ár og hefur skipað sér sess sem eitt skemmtilegasta töltmótið innandyr. Oft sjást flottir taktar en keppt er í tölti í öllum flokkum, frá pollaflokki og upp í karla- og kvennaflokk.

Allir þátttakendur verða að skarta grímubúningi. Veitt eru verðlaun fyrir 5 efstu sætin í hverjum flokki fyrir sig og einnig valinn besti búningurinn. Verðlaun eru einnig veitt fyrir bestu tilþrif kvöldsins. Lokagreinin á mótinu hefur verið dekkjarall eða kókosbollu-boðhlaup. Lið keppa þau raða sér upp og einn keppir fyrir liðið í einu. Hleypt er yfir í hinn enda hallarinnar, stokkið af baki, kókosbolla og coca cola gleypt í sig stokkið á bak og hleypt til baka þar sem næsti liðsmaður fer af stað. Þetta vekur ávallt mikla kátínu og eru liðsmenn óspart kvattir með köllum áhorfanda og liðsmanna.



Það voru Sörlafélagarnir Sigurður Ævarsson og Elsa Magnúsdóttir sem áttu hugmyndina að Grímutöltinu árið 1994. „En þá var nýbúið var að reisa reiðhöllina í Hafnarfirði. Í upphafi var mótið kallað Egils Gull Grímureiðin en þá styrkti Ölgerð Egils Skallagrímssonar mótið myndarlega. Það samstarf fjaraði út á nokkrum árum og hét mótið þá einfaldlega “Grímutölt Sörla” og hefur heitið það síðan. Þátttaka í mótinu hefur ávallt verið góð. Allflestir krakkar sem alast upp í Sörla taka þátt og margir hinna fullorðnu. Gestir úr nágrannahestamannafélögum hafa einnig tekið þátt. Sigurbjörn Bárðarson var til dæmis duglegur að koma með krakkana sína til að keppa en keppti þó aldrei sjálfur. Hann hefði nú samt eflaust haft gaman af því,” segir Sigurður Ævarsson stoltur stofnandi **Grímutöltsins**.

Grín gert að sjálfum sér og öðrum

Keppt er í öllum aldursflokkum og eru krakkarnir undantekningalaust í glæsilegum búningum. Fullorðna fólkið er ekki síður glæsilegt en það er oft stríðni og húmor sem ræður þar ríkjum. Til að mynda var Sörlafélaginn, Smári Adolfsson í gervi Atla Guðmundssonar á Grímutöltinu í fyrra. Smári var íklæddur bláum FT reiðjakka, hvítum reiðbuxum, stígvélum og með gula leðurhanska sem Atli er vanur að ríða út með. Smári átti stórleik sem Atli Guðmundsson og uppskar verðlaun fyrir besta búninginn í fyrra. Sonur Smára, hinn ungi og efnilegi knapi, Daníel Ingi hélt uppi heiðri fjölskyldunnar í ár. Hann gerði óspart grín að vini sínum Jóni Páli Sveinssyni sem varð fyrir því óhappi að detta af baki og handleggssbrjóta sig viku fyrir Grímutöltið. Daníel Ingi hafði fengið að láni reiðúlpu Jóns Páls, sett upp gleraugu og látið uppi sig gervitennur. Einnig hafði hann látið setja gervigifs á hendina og reið með hana í fatla. Hann lét sig síðan detta af baki í tíma og ótíma á meðan keppni stóð.

Sylvía Nótt og Lóðaræninginn

Mótið í ár var skemmtilegt að vanda. Búningar unga fólksins voru frábærir og glæsileg tölt tilþríf sáust. Sérstaklega var Sylvía Nótt flott en hún reið töltþrógrammið með aðstoð tveggja litskrúðugra Border Collie hunda, Homma og Namma. Einn stjórnarmaður Sörla var klæddur í gervi Lóðaræningjans og gerði þar með grín að fári sem varð þegar stjórn Sörla mælti með sjálfum sér til úthlutunar lóða í hesthúsahverfi Sörla. „Þetta voru ótrúlega fyndnir búningar og við bræður áttum erfitt með okkur á köflum. Sérstaklega var Sylvía Nótt góð, Jón Páll var náttúrulega bara fyndinn og Lóðaræninginn sló í gegn. Það er gaman að sjá hvað það er góð stemming í félaginu og hvað þátttakan er góð. Það er ekki sjálfgefið að hægt sé að ná upp svona góðri stemmningu í svo stóru hestamannafélagi eins og Sörla,” sögðu bræðurnir, Sigurður og Davíð Matthíassynir sem dæmdu á mótinu.

LM2006 :

Undirbúningur fyrir LM 2006 var mikill. Stjórn Hestamannafélagsins Sörli greiddi keppnisnámskeið fyrir öll börn, unglinga og ungmenni félagsins sem höfðu áhuga á að undirbúa sig fyrir Gæðingamót Sörla. Snorri Dal reiðkennari sá um kennsluna. En krökkunum fór mikið fram undir hans tilsögn. Þetta var gert til að fá sem flesta krakka til að taka þátt og gerði þetta námskeið fleiri krökkunum en ella kleift að taka þátt í Gæðingakeppninni.

Þeir sem komust inn á LM2006 fengu að gjöf Hlífðarfatnað-félagsbúninginn, úlpu og buxur. Þetta var mögulegt vegna styrks frá Securitas og Feðgum ehf.

Þökkum við þeim framlag þeirra.

Einnig fengu félagsmenn styrk til flutnings reiðskjóta á LM2006 og frítt inná svæðið.

Mikilvægt er að styrkja krakkana sem valin eru sem fulltrúar félaganna á Landsmótin.

Það er dýrt að flytja hesta landshorna á milli og einnig er mikill kostnaður við að fara á Landsmót. Ekki eiga allir krakkar foreldra eða nána ættingja í hestamennsku og ekki hafa allir foreldrar ráð á því að styrkja börn sín til keppni á Landsmóti því er nauðsynlegt að Hestamannafélagin komi þar að.

Listi yfir krakkana okkar sem fóru á LM2006

Barnaflokkur ;

Ásta Björnsdóttir

Hanna Alexandra Helgadóttir

Thelma Dögg Harðardóttir

Vilhjálmur Steinar Þorvaldsson

Sigríður María Egilsdóttir

Unglingaflokkur;

Stella Sólveig Pálmadóttir

Alexander Ágústsson

Saga Melbin

Hanna Rún Ingibergsdóttir

Ásta Kara Sveinmsdóttir

Jón Bjarni Smárason

Ungmennaflokkur;

Sandra Líf Þórðardóttir

Ólöf Guðmundsdóttir

Edda Dögg Ingibergsdótti

Kristín María Jónsdóttir

Margrét Freyja Sigurðardóttir

Rósa Birna Þorvaldsdóttir

Krakkarnir okkar voru að standa sig vel á Landsmóti Hestamanna, hér eru upplýsingar um þau sem komust í milliriðla og úrslit.

Í milliriðla komust;

Sigríður María Egilsdóttir
Hanna Rún Ingibergsdóttir
Saga Melbin
Kristín María Jónsdóttir
Rósa Birna Þorvaldsdóttir
Sandra Líf Þórðardóttir

Glanni frá Svanavatni
Hjörvar frá Flögu
Ás frá Oddgeirshólum
Jökull frá Reykjarhóli,
Bylur frá Kleyfum (3-4sæti)
Hrókur frá Enni

barnaflokk.
unglingaflokk.
unglingaflokk.
unglingaflokk.
ungmennaflokk.
ungmennaflokk.

Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Bylur frá Kleifum höfðu í 3. sæti í ungmennaflokki.

Sandra Líf Þórðardóttir og Hrókur frá Enni fóru í B-úrslit og lentu í 13. sæti í ungmennaflokk.



Félagssvæði Sörli í Hafnarfirði það álitlegasta

Samkvæmt könnun 847.is telja langflestir hesthúsahverfið á félagssvæði Sörli í Hafnarfirði það besta á höfuðborgarsvæðinu. Þessi niðurstaða er athyglisverð þegar það er skoðað að Sörlasvæðið er út á mörkum íbúðabyggðar á höfuðborgarsvæðinu og liggur því ekki jafn vel við og sum önnur hverfi. Auk þess er Fákur og félagssvæðið í Víðidalnum fjölmennasta hesthúsahverfi landsins en nýtur ekki meira fylgis en raun ber vitni og bendir það vissulega til þess að fólk telur sig ekki fyllilega öruggt lengur til framtíðar í Víðidalnum. Hvað sem öllum hugleiðingum, út frá þessari litlu könnun líður, þá finnst flestum sem Hafnarfjörður sé álitlegt framtíðarsvæði. Niðurstaðan varð eftirfarandi:

Andvari við Kjóavelli	39
Fákur í Víðidal	146
Heimsendi við Kjóavelli	22
Hörður á Varmárbökkum	78
Sörli í Hafnarfirði	211
Vil nýtt framtíðarsvæði	71